

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu- og vesturamtinu um skipting á Holtamannahreppi í 2 hreppsflög. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 28. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Holtamannahreppi, þar sem hún fer þess á leit, að hreppi þessum verði skipt í tvö hreppsflög, ásamt ýmsum fylgiskjöllum, þar á meðal skýrslu um lausafjárhiund og útsvör síðastliðin 5 fardagaár, svo og um býli og búendur í hinum fyrirhuguðu hreppum, og hefur bæði sýslunefndin í Rangárvallasýslu og sýslumaðurinn mælt eindregið fram með, að jeg samþykki hina umbeðnu hreppa-skipting eins og hreppsnefndin hefur stungið upp á henni, og þjer einnig lagt það til, að skiptingin fái framgang. Fyrir því skal hjer með samkvæmt 23. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Holtamannahreppi í Rangárvallasýslu skal skipt í tvo hreppa, þannig að Efri-Holtaprestakall verði hreppur útaf fyrir sig, sem sjerstök þinghá með þingstað að Marteinstangu og nefnist Holtahreppur, en Kálfholtsprestakall með Oddasókn utan Rangár hreppur fyrir sig sem sjerstök þinghá með þingstað að Ási, og nefnist Áshreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Holtamannahrepps, þeim sem verða, þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa að tiltölu við hina samanlögðu tölu lausafjánhundraða og sveitarútsvara hin síðastliðnu 5 fardagaár, eins og þau hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps, sem nú eiga að verða hreppar útaf fyrir sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefur átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkv. 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar á eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig ákveður um fjallskil hreppanna og afrjettir.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um aðflutningsgjald af kola. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 2. þ. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að með síðustu ferð gufuskipsins »Laura« hafi verið sendar hjeðan til útlanda nokkrar tunnur af söltuðum kola, og hafi þessi fiskitegund eigi, svo yður sje kunnugt, áður verið útflutt hjeðan af landi eða útflutningsgjald verið tekið af henni samkv. lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi. Með því að yður þykir vafasamt, hvort rjett sje að heimta útflutningsgjald af ofangreindri fiskitegund, hafið þjer beiðst úrskurðar míns þar að lútandi, og jafnframt tekið fram, að þar sem talað sje um fisk í 2. gr. hinna tilvitnuðu

95 laga, sje að yðar ætlun að eins átt við fiskitegundir þær, sem venjulega hafa
11. júlí. verið útfluttar hjeðan, sem sje þorskkynjaða fiska, þorsk, ísu, löngu, keilu og upsa, en ekki við allar fisktegundir yfir höfuð, eins og ljóst sje af því, að sjerstakt gjald sje lagt á síld og lax, og sje það álit yðar, að heimild bresti til þess að heimta útflutningsgjald af kola.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg af ástæðum þeim, er þjer þannig hafið tekið fram, og með því að sú sköðun, að koli falli ekki undir 2. lið í 2. gr. í nefndum lögum, enn fremur styrkist af því, að gjaldið er þar reiknað eptir tölu en ekki eptir þyngd eða ílátamáli, hlýt jeg að vera yður samdóma um það, að heimild bresti til að heimta gjald af niðursöltuðum kola.

96 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um
4. ágúst. hve verja skuli styrkshluta suðuramtsins af gullbrúðkaupssjóði Bjarna amtm. Þorsteinssonar og konu hans árin 1892—1894. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmáður, dags. 19. f. m., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg er því samþykkur, að styrk þeim, sem þetta ár og tvö næstu ár (1892—1894 incl.) á að hlotnast Suðuramtinu af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur sje varið til brúargjörðar á Hólmsá við austanverðan Mýrdalssand, eins og hlutadeigandi amtsráð hefur lagt til, en styrkurinn getur ekki orðið útborgaður fyrr en verkið er komið á þann rekspöl, að vissa er fyrir að því verði framgengt.

97 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli
9. ágúst. til húsakaupa og jarðabóta. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 5. þ. m. og eptir beiðni prestsins að Borg á Mýrum, sjera Einars Friðgeirssonar, er hlutadeigandi prófastur hefir mælt með, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki lán handa Borgarprestakalli, að upphæð 2000 krónur, gegn veði í tekjum prestakallsins, til þess að hann fyrir annan helming lánsins, eða 1000 krónur, kaupi handa prestakallinu timburhús það, er hann hefur byggt á prestssetrinu, og þann hluta baðstofunnar, sem hann á sjálfur, en að hann fyrir hinn síðari helming lánsins byggi heyhlöðu, er taki 400 til 500 hesta af heyi, og sje með járnþaki og járnlögð utan á grindum gegn veðuráttum, en timburklædd mót norðri og vestri, og að hann fyrir það, sem þá yrði eptir af þessum síðari helmingi lánsins, afgirði hið forna Borgarengi, er liggur með fram vikinni innanverðri milli túnsins á Borg og Borgarnessins, og haldi girðingunni svo áfram með túninu á tvo vegu, þannig, að engjaefni þetta ásamt túninu verði afgirt á þrjá vegu, og að hann enn fremur þurki upp tjeð engjaefni og túnmýrarnar, sem liggja inni í sjálfu túninu.

Lántökuleyfið er bundið þeim skilyrðum:

1. Að lánið sje að fullu endurborgað eigi síðar en á 28 árum.